

Númer á keppnisgalla

Á mótum vetrarins munu allir keppendur í meistaraflokki og 1. flokki þurfa að hafa númer á göllunum sínum. Keppendum í öllum flokkum er heimilt að hafa númer á göllunum sínum en það er einungis skylda í meistaraflokki og 1. flokki.

Helstu ástæður fyrir því að keppendur þurfa að hafa númer eru eftirfarandi:

- Til að hægt sé að búa til tölfraði um keppendur í framtíðinni.
- Það gerir fjölmiðlum auðveldara fyrir að þekkja keppendur.
- Gott fyrir sjónvarpsútsendingar, kynnrir í sjónvarpi og áhorfendur heima í stofu.
- Hægt að telja upp nafn og númer keppenda í mótaskrá og áhorfendur geta þá séð hver er hvað.
- Fyrir dómara sem taka tölfraði og þá mögulega vali á all stars liði á Íslandi.
- All-stars lið á Íslandi þar sem tekin eru saman stökk sem eru framkvæmd, erfiðleiki allra umferða og meðaltal erfiðleikagildis er svo fundið. Frá þessum gildum er hægt að finna út hver framkvæmt hefur tölfraðilega erfiðustu stökkinn með minnstum frádráttarpunktum.

Hver einstaklingur innan liðs mun hafa sitt eigin númer innan liðsins. Öll lið hafa númer frá 1 – 30 til að velja um. Liðin geta valið nöfn á þátttakendur í hvaða röð sem þeir vilja.

Hvert lið sér um að sínir fimleikamenn séu með númer samkvæmt þessum reglum:

- Öll númer innan liðsins verða að hafa sömu stærð og sömu leturgerð
- Passa þarf að öll númerin séu vel föst á
- Ef tvö lið frá sama félagi keppa í sama flokki þurfa allir keppendur að hafa sitthvort númerið. Ef einn og sami keppandinn keppir í sitthvorum kynjaflokki t.d. mix og kvenna þá þarf viðkomandi að hafa sama númer enda sama nafn á keppandanum.

Þegar númerin eru fest á þarf að:

- Ef keppt er í síðbuxum/ leggings verður númerið að vera á báðum hliðum (sjá á mynd aftast í skjali)
- Ef keppt er í stuttbuxum þarf að passa að setja númer á báðu megin, eins neðarlega og hægt er.



- Ef keppt er á fimleikabol (ekki í buxum/stuttbuxum/leggings) verða númerin að vera á báðum hliðum fyrir ofan mjaðmabein.
- **Númerin verða að vera skýr, frá 8mm til 10mm á þykkt og 8sm til 10sm há**
- Númer þurfa að skera sig vel úr bakrunni (t.d. hvít númer á svörtum buxum)
- Númer geta verið prentuð beint á síðbuxurnar/stuttbuxurnar/fimleikabolinn eða á efnisbút sem er svipaður keppnibúningnum á lit sem verður svo að vera saumaður á keppnisbúninginn.
- Númer eru notuð á öllum áhöldum.

Hægt er að hafa samband við:

Pixel

Ármúli 1, 105 Reykjavík, Ísland
+354 575 2700

- Þar er hægt að fá límmiða sem hægt er svo að taka af eftir mótið.

Bros – Gjafaver ehf

Norðlingabraut 14, 110 Reykjavík
+354 569 9000

- Þarf að koma með alla gallana í einu.

- Verð á eitt stk. 500kr (en 1000 kr á galla þar sem þarf 2 nr. á galla)

Henson sport ehf

Brautarholti 24, 105 Reykjavík
+354 562 6464

Kr. 1500m/vsk pr.buxur Sem sagt merking á báðar hliðar buxnana.

Afgreiðsla 2-3 dagar.

Einnig er hægt að hafa samband við önnur fyrirtæki og láta merkja. Þetta eru fyrirtækin sem við erum búin að tala við svo að félögin hafi einhverja hugmynd um verð og tíma sem tekur að láta merkja.



**Fimleikasamband
Íslands**





**Fimleikasamband
Íslands**



Gangi ykkur öllum vel.
Kveðja frá Tækninefnd í hóp fimleikum.